

Borgarstjórn
1. júní 2018

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um hátíðarhöld í tilefni af aldarafmæli fullveldis Íslands

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að standa fyrir hátíðahöldum og dagskrá þann 1. desember nk. í tilefni af aldarafmæli fullveldis Íslands. Skólar, menningarstofnanir auk annarra stofnanna vinni að dagskránni í sameiningu og móti tillögur um hvernig þessara tímamóta verði minnst á sómasamlegan hátt. Menningar- og ferðamálasviði og skóla- og frístundasviði verði falið að leiða vinnuna.

Greinargerð:

Viðurkenning á fullveldi Íslands sem fengin var fyrir 100 árum er ein merkasta stjórnarbót í sögu þjóðarinnar, mikilvæg forsenda fyrir sjálfræði hennar og feikilegum framförum hér á landi síðustu öld. Ísland varð frjálst og fullvalda ríki með gildistöku sambandslaganna 1. desember 1918. Rétt er að aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands verði minnst á eftirminnilegan og eftirtektarverðan hátt í stofnunum borgarinnar og þá sérstaklega í skólum og menningarstofnunum. Það yrði liður í því að uppfæða ungmenni um sögulega viðburði og efla lýðræðisvitund þeirra.